

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

Garðabær, 5.11.2024
Málsnúmer: 202410-0064
IAS/MH

Efni: Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018–2035, landfylling fyrir nýtt íbúðar-, mið- og stofnanasvæði

Vísað er til erindis Vesturbyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 29. október 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018–2035.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir nýrri landfyllingu, um 4 ha að stærð, sunnan Strandgötu á Patreksfirði. Tilgangurinn er að auka byggingarland í bænum, styrkja miðbæinn og færa þungaumferð frá leikskólalóðinni við Araklett. Meginhluti landfyllingarinnar verður skilgreindur sem ný íbúðarbyggð (ÍB19) en einnig er fyrirhugað að hafa þar stækkun miðsvæðis (M1) og stofnanasvæðis (S1) fyrir stækkun leikskólalóðar Arakletts. Fram kemur að áhersla verði lögð á góða aðstöðu til útivistar við nýja strandlengju, útsýni til sjávar og að fyrirhuguð byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er. Einnig kemur fram að efni sem fellur til við framkvæmdir við dýpkun hafnarinnar muni nýttast í landfyllinguna ásamt efni sem mun koma úr vinnu við ofanflóðavarnir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguina. Svæðið sem um ræðir er ekki friðlýst, á náttúruminjasrá eða nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Hins vegar bendir stofnunin á að landfyllingar eru stórtækar framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á haf- og strandsvæðum og þar með búsvæðum lífvera og landslagi, sem og tímabundinni mengun og ónæði fyrir lífríki á framkvæmdatíma. Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að kortleggja fjöruvistgerðir og lífríki svæðisins til að skapa ásættanlega þekkingu á áhrifum sem framkvæmdin mun valda. Við mat á umhverfisáhrifum breytingatillögunnar þarf m.a. að meta hvort framkvæmdin raski fágætum eða verðmætum fjöruvistgerðum, búsvæðum botndýra eða fæðuöflunarstöðvum fugla.

Í skipulagslýsingunni kemur ekki fram hve mikið efni þarf í landfyllinguna og hvaðan það verður tekið, að undanskyldu efni sem fellur til við dýpkun hafnarinnar og við gerð ofanflóðavarna. Mikilvægt er að það liggi skýrt fyrir.

Ljóst er að landfylling á þessum stað mun breyta ásýnd bæjarins verulega og mikilvægt að fjallað verði um áhrifin sem það veldur.

Að lokum er það mat Náttúrufræðistofnunar að landfylling ætti ávallt að vera síðasti kostur þegar kemur að því að auka byggingarland. Því ætti ekki að fara út í slíka framkvæmd nema ljóst sé að aðrir kostir séu ekki í stöðunni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur